

FYLGISKJAL NR. 1022

DAGS 23.04.2004

SAMANTEKT:

661. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar (Haraldur Sverrisson formaður, Herdís Sigurjónsdóttir, XX, Ragnheiður Ríkharsdóttir – Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur sat fundinn undir einum dagskrárlið – Stefán Ómar Jónsson bæjarritari ritaði fundargerð.

11. dagskrárliður varðaði erindi Steinunnar Marteinsdóttur og Ólafs Sigurðssonar frá 20.04.2004 varðandi deiliskipulag af lóðum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla.

Haraldur Sverrisson, formaður bæjarráðs, er sagður hafa vikið af fundi undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til skipulags- og byggingarnefndar til umsagnar og afgreiðslu.

Meðfylgjandi hér er erindi frá þessum aðilum þar sem þau geta þess að þetta sé „lóðin okkar“. Þar þess getið að illa hafi verið tekið í þeirra mál þar til á haustdögum 2002 þegar nýr meirihluti hafi tekið völdin í Mosfellsbæ.

Hér „mótmæla“ eigendur Hulduhóla og Hjallabrekku að á fundi skipulagsnefndar (111. fundur skipulags- og bygginganefndar – sjá fylgiskjal 1021) hafi verið samþykkt „sérstakt deiliskipulag“ af landi Hamrafells einu og sér án samráð svið aðra íbúa á svæðinu.

Bæjarráð, fundur nr. 661

Dags. 23. Apríl 2004

**661. fundur
bæjarráðs Mosfellsbæjar
haldinn í fundarherbergi á 4. hæð í Þverholti 2
föstudaginn 23. apríl 2004 og hófst hann kl. 07**

Fundinn sátu: Haraldur Sverrisson formaður, Herdís Sigurjónsd
og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri.
Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur sat fundinn undir dagskrárlí

18

Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson bæjarritari

Dagskrá:

1. **Minnisblað bæjarstjóra dags. 5. apríl 2004, varðandi erindi Garðars Briem dags. 5. febrúar 2004, varðandi kaup á landsspildu úr landi Sólheimakots í Mosfellsbæ. Áður á dagskrá á 652. fundar bæjarráðs frá 12. febrúar 2004.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að synja erindi bréfitara um kaup á landspildum úr Sólheimakoti.

2. **Minnisblað forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs dags. 21. apríl 2004, varðandi erindi ÍAV (04/036) dags. 8. mars 2004, varðandi beiðni um breytingar á íbúðum við Klapparhlíð 1 og Klapparhlíð 3. Áður á dagskrá 658. fundar bæjarráðs frá 25. mars 2004.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að hafna erindi IAV um breytingu á íbúðum við Klapparhlíð 1 og 3.

3. **Minnisblað bæjarverkfræðings dags. 14. apríl 2004, varðandi forval vegna framkvæmda við ípróttamiðstöð við Lágafellsskóla. Áður á dagskrá 660. fundar bæjarráðs frá 15. apríl 2004.**

Samþykkt með tveimur atkvæðum að auglýsa forvalið í samræmi við minnisblað bæjarverkfræðings.

4. **Minnisblað bæjarritara dags. 20. apríl 2004, varðandi tillögu að breytingu á lóðaleigusamningum í hesthúsahverfi.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að fella út síðustu málsgrein 4. gr. gildandi lóðarleigusamnings um hesthúsalóðir í Mosfellsbæ.

5. **Minnisblað deildarstjóra tæknideildar dags. 6. apríl 2004, varðandi opnun útboðs á tímavinnu í viðhald á fasteignum Mosfellsbæjar.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að Eignasjóður leiti ávallt til lægstbjóðanda en hafi heimild til að leita til annarra bjóðenda ef lægstbjóðandi getur ekki sinnt verkinu.

6. **Minnisblað deildarstjóra tæknideildar dags. 2. apríl 2004, varðandi opnun tilboða í malbikun gatna og stíga í Mosfellsbæ.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að semja við lægstbjóðanda Malbikun H.G. ehf að uppfylltum ákvæðum um fjárhagsstöðu og tækjaflota.

7. **Minnisblað deildarstjóra tæknideildar dags. 19. apríl 2004, varðandi stöðu framkvæmda við bað- og búningastöðu á Tungubökkum.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að unnið verði fyrir þá upphæð sem fjárhagsáætlun gerir

ráð fyrir þ.e. kr. 13 millj.

8. **Minnisblað deildarstjóra tæknideildar dags. 19. apríl 2004, varðandi stöðu framkvæmda við sniðræsi til Reykjavíkur.**

Lagt fram.

9. **Minnisblað bæjarverkfræðings, dags. 21. apríl 2004, varðandi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar varðandi hugsanlegt umhverfismat vegna tengibrautar um Blikastaðaland.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að veita aukafjárveitingu að upphæð kr. 450 þús. til þess að vinna tilkynningu að umhverfismati vegna ofangreinds.

10. **Minnisblað tæknifræðings dags. 20. apríl 2004, varðandi framvinduskýrslu vegna Lágafellsskóla 2. áfanga.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar leggur áherslu á að verkinu ljúki á tilsettum tíma. Minnisblaðið og framvinduskýrslan að öðru leyti lögð fram.

11. **Erindi Steinunnar Marteinsdóttur og Ólafs Sigurðssonar (04/050) dags. 20. apríl 2004, varðandi deiliskipulag af lóðum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla.**
Haraldur Sverrisson formaður vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til skipulags- og byggingarnefndar til umsagnar og afgreiðslu.

12. **Erindi Önnu Valdísar (04/048) dags. 14. apríl 2004, varðandi leikvöll við Brekkutanga.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til umhverfisnefndar til umsagnar og afgreiðslu.

13. **Forkaupsréttarboð Fasteignamiðstöðvarinnar dags. 14. apríl 2004, varðandi Hraðastaðaveg 11.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að taka ekki afstöðu til forkaupsréttarboðs þar sem Mosfellsbær telur að hann hafi ekki forkaupsrétt.

14. **Forkaupsréttarboð Fasteignamiðstöðvarinnar dags. 15. apríl 2004, varðandi spildu úr landi Miðdals 2, þjskr. 9000 – 1021.**

Samþykkt með þremur atkvæðum að falla frá forkaupsrétti og bæjarritara falið að ganga frá málinu með hefðbundnum hætti.

15. **Yfirlit yfir atvinnuástand nr. 3/2004 dags. 16. apríl 2004.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
b.t. bæjarstjóri
Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Mosfellsbær	
Nr: 193	Málsnr. 04050
Fskj:	Móttð:
Abm: B. R. R.	Trnm:
Afgreiðsla	Ljós til Tj
dags	ir sp syn vís
bráð 661	23.4.04
nefnd	
bstjórn	
Aths.	viðsátt til skipulagsnefndar

til umsagnar af afgreiðslu

Mosfellsbær 20. apríl 2004

S.Ó.J.

Varðar deiliskipulag af lóðum Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla.

Allt frá árinu 2000 höfum við íbúar á ofangreindum lóðum óskað eftir gerð deiliskipulags af lóðum okkar. Ástæða óskar okkar var að við sáum fram á að lóðir okkar voru að verða útundan í gerð deiliskipulagsvinnu á vestursvæðinu og þétting byggðar norðan við okkur var mjög hröð. Óskum okkar var illa tekið fram til ársins 2002 en í september það ár tekur bæjarstjórn jákvætt í málið og felur umhverfiseild að hefja vinnu við gerð deiliskipulags frá Skálatúni að Langatanga eins og það var orðað.

Alla tíð var hugsað að skipuleggja svæðið (sem ekki er stórt) heilsteypt og í nánú samstarfi og sátt við íbúana. Nýverið lá fyrir í bæjarstjórn tillaga að deiliskipulagi svæðisins sem fullt samkomulag var um með íbúum ofangreindra lóða bæði hvað varðar skiptingu byggingarlóða og aðkomuleiðir.

Á fundi skipulags- og bygginganefndar í dag virðist sem málið hafi tekið kúvendingu. Nefndin samþykkti þá sérstakt deiliskipulag af landi Hamrafells einu og sér án samráðs við aðra íbúa á svæðinu. Okkur er ljós nauðsyn íbúa Hamrafells á því að ljúka þessari skipulagsvinnu þar vegna ástands húsakosts þar. Hinsvegar teljum við það afar slæman kost að hluta þetta annars litla svæði niður í smærri skipulagseiningar. Það er ekki til þess fallið að viðhalda samstöðu íbúa á svæðinu né auðvelda framgang málsins hvað varðar aðliggjandi byggð.

Við lóðarhafar á Hjallabrekku og Hulduhólum viljum með bréfi þessu mótmæla þessum vinnubrögðum og óskum eindregið eftir því að lokið verði við deiliskipulag af öllum lóðunum strax í samvinnu og sátt við íbúana á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Steinunn Marteinsdóttir

Steinunn Marteinsdóttir

Ólafur Sigurðsson

Ólafur Sigurðsson